

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir ryðvarnarkerfisstæði

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur ryðvarnarkerfisstæða.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.
- 2.3 Bifreiðum, sem bíða ryðvarnar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

3. Mengunarvarnir í fráveitu

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal sandfang og olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem þríf og ryðvörn bifreiða fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðis- og byggingafulltrúa.
- 3.3 Á olúgildru skal vera viðvörðunarbúnaður til að koma megi í veg fyrir mengunaróhöpp. Eftirlitsbrunnur skal staðsettur á lögn frá olúgildru.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með virkni olúgildru og skal tíðni tæminga ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og taka mið af umfangi starfseminnar og stærð gildru. Viðurkenndur aðili skal annast tæmingar.
- 3.5 Til hreinsunar á gólfum skal nota blautsugu þar sem því verður við komið. Halda skal notkun olúhreinisefna í lágmarki.
- 3.6 Aðeins skal nota sápu efni og/eða olúhreinna sem hæfa olúgildrum.
- 3.7 Ekki er heimilt að úða tjöruhreinsi eða öðrum hreinsiefnum utandyra eða við aðrar þær aðstæður þar sem það veldur mengun eða óþægindum í umhverfi.

4. Mengunarvarnir í útblæstri

- 4.1 Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.
- 4.2 Hafa skal góða loftræstingu þar sem unnið er með ryðvarnarefni og olúhreinsi.
- 4.3 Útblástursloft frá vinnslusvæði skal leiða í gegnum síur áður en það er leitt út úr húsi.

5. Geymsla á olú og olúefnum

- 5.1 Olútankar þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits.
- 5.2 Staðsetja skal tanka og tunnur undir hættuleg efni þ.m.t. steinolú og ryðvarnarefni í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir. (athuga í öðrum skilyrðum).

6. Spilliefni og annar úrgangur

- 6.1 Úrgangsolú og ryðvarnarefnum sem falla til við vinnslu skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 6.2 Ganga skal frá olúsmituðum úrgangi uns hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.
- 6.3 Ílátum undan hættulegum efnum skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum umbúðum má skila með öðrum úrgangi.
- 6.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 6.5 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olúskilju.
- 6.6 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.